Þriðjudaginn 5. nóvember 1974.

Nr. 189/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 28. október 1974, sem barst Hæstarétti 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til málavaxtalýsingar hins kærða úrskurðar þykir gæsluvarðhaldstími varnaraðilja hæfilega ákveðinn allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti máls varnaraðilja.

Dómsorð:

Varnaraðili, Magnús Helgi Kristjánsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. október 1974.

Ár 1974, sunnudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kærði Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, hefur viðurkennt að hafa í félagi með öðrum brotist inn í hús við Njörvasund og Sæviðarsund í septembermánuði s.l.

Þá hefur kærði einnig viðurkennt að hafa tekið þátt í innbroti í hús nr. 3 við Fagrabæ hér í borg, þar sem stolið var frímerkjum.

Loks er kærði grunaður um að eiga aðild að innbroti í hús við Hringbraut hér í borg, en ekki er vitað til, að neinu hafi verið stolið þar.

Dómara er kunnugt um, að ríkissaksóknari hefur höfðað mál gegn kærða Magnúsi Helga o. fl. með útgáfu tveggja ákæruskjala, dags. 30. nóvember 1973 og 3. apríl 1974, fyrir innbrot og nytjastuld og ölvun við akstur, og hafa bæði málin verið dómtekin.

Með hliðsjón af framansögðu, sakarferli kærða, sem margítrekað hefur gerst brotlegur, og tilvísun til 5. tl. 67. gr. laga 73/1973 ber að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda hlýtur lengd gæsluvarðhaldstímans að miðast við það, að kærði verði ekki látinn laus, á meðan málum hans er ekki lokið.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar 33/1944 eru ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot þau, sem kærði hefur játað, geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Helgi Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.